

Viðauki við greinargerð með fjárhagsáætlun 2022 – 2025

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2022 – 2025 er lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 15. desember 2021. Fyrri umræða fór fram þann 1. desember síðastliðinn.

Gerðar eru tillögur að breytingum á milli umræðna og verður farið yfir þær hér á eftir. Einkum verður gerð grein fyrir breytingum á áætlun ársins 2022 en stiklað á stóru yfir áætlanir fyrir árin 2023 – 2025.

Nánar um tillögur að breytingum á milli umræðna

Hér er gerð grein fyrir tillögum að breytingum milli umræðna, sem reiknaðar hafa verið inn í framlagða áætlun við síðari umræðu.

- Tillaga að leiðréttingu á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkun 28,5 millj.kr.
- Tillaga að potti vegna jöfnunar launasetningar sambærilegra starfa milli skólastiga samtals hækkun 36,7 millj.kr.
- Breytingar á fjármagnsliðum vegna langtímalána þar sem verðbólguþá lækkar úr 3,5% í 3,3% frá fyrri umræðu skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem kom út 30. nóvember, samtals lækkun 37,8 millj.kr.

Breytingar á viðskiptastöðu milli sjóða sveitarfélagsins eru vegna áhrifa breyttra verðlagsforsendna á fjármagnkostnað en hefur ekki áhrif á niðurstöðu samstæðu.

Tillaga frá eigna- og veitunefnd að breytingum á gjaldskrá fráveitu liggur fyrir við síðari umræðu. Samþykkt þeirrar gjaldskrár leiðir til tekjuhækkunar sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Jafnframt liggur fyrir að endurskoða þurfi ákveðna þætti byggingarleyfisgjalda og færa til samræmis við sambærileg sveitarfélög, verður sú vinna unnin í skipulags- og byggingarnefnd á næstu vikum.

Þá er hafin vinna við kostnaðargreiningur á grunn- og leikskólum. Á nýju ári verða slíkar greiningar rýndar með skólastjórum og leitað leiða til betri nýtingar fjármagns í rekstri. Ný staða rekstrarráðgjafa á Fjölskyldusviði mun skipta miklu máli í þessari vinnu.

Rekstrarniðurstaða

- Tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun 2022 lækka áætlaðan rekstrarhalla úr 1.084,7 millj.kr. í 1.055,2 millj.kr.
- Rekstrarniðurstaða árið 2023 fer úr 27,5 millj.kr. rekstrarafgangi í 25 millj.kr. halla.
- Rekstrarniðurstaða árið 2024 fer úr 962,7 millj.kr. rekstrarafgangi í 955,3 millj.kr. rekstarafgang.
- Rekstrarniðurstaða árið 2025 fer úr 1.872 millj.kr. rekstrarafgangi í 1.879,3 millj.kr. rekstarafgang.

Lántökur

- Árið 2022 - ný langtímalán eru óbreytt milli umræðna.
- Árið 2023 - ný langtímalán eru óbreytt milli umræðna.
- Árið 2024 - ný langtímalán eru óbreytt milli umræðna.
- Árið 2025 - ný langtímalán lækka um 690 millj.kr. milli umræðna.

Skuldahlutfall

Reiknað skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum :

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2022	158,5%	158,2%
• 2023	161,8%	161,6%
• 2024	153,2%	153,0%
• 2025	133,7%	133,6%

Skuldahlutfall :

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2022	179,4%	179,1%
• 2023	180,3%	180,4%
• 2024	170,1%	170,1%
• 2025	153,4%	149,8%

Breytingar á málaflokkum milli umræðna

Í töflunni hér á eftir má sjá breytingar á málaflokkum milli umræðna :

Í þús.kr.	2022 Fyrri umræða	2022 Seinni umræða	Mismunur
Aðalsjóður			
00 Skatttekjur	10.285.165	10.285.165	0
02 Félagsþjónusta	-1.855.142	-1.849.719	-5.423
03 Heilbrigðismál	-43.895	-43.895	0
04 Fræðslu- og uppeldismál	-6.786.826	-6.804.062	17.236
05 Menningarmál	-269.987	-269.987	0
06 Æskulýðs- og íþróttamál	-1.144.455	-1.142.152	-2.303
07 Brunamál og almannavarnir	-164.337	-164.337	0
08 Hreinlætismál	-61.714	-61.714	0
09 Skipulags- og byggingarmál	-371.007	-370.684	-323
10 Umferðar- og samgöngumál	-433.456	-433.456	0
11 Umhverfismál	-248.739	-248.739	0
13 Atvinnumál	-62.159	-62.159	0
21 Sameiginlegur kostnaður	-599.985	-599.306	-679
22 Lífeyrisskuldbindingar	-181.950	-181.950	0
28 Fjármagnsliðir	98.983	107.432	-8.449
Aðalsjóður	-1.839.504	-1.839.563	59
Aðrir sjóðir í A-hluta			
31 Eignasjóður	1.074.796	1.081.209	-6.413
33 Þjónustumiðstöð	-113.382	-113.093	-289
71 Fasteignafélag Árborgar slf.	-410.823	-394.266	-16.557
89 Verktækni ehf.	-3.540	-3.338	-202
A-hluti samtals	-1.292.453	-1.269.052	-23.401
Sjóðir í B-hluta			
51 Byggingarsjóður aldraðra	-22.975	-22.499	-476
67 Fráveita	219.762	219.808	-46
69 Vatnsveita	169.427	169.427	0
77 Selfossveitur	-130.376	-125.084	-5.292
83 Sandvíkursetur ehf.	-28.114	-27.777	-337
A- og B- hluti samtals	-1.084.729	-1.055.178	-29.551

- **Málalfokkur 02 – Félagsþjónusta**
 - Leiðrétting á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkun 5.423 þús.kr.

- **Málaflokkur 04 – Fræðslu- og uppeldismál**
 - Leiðrétting á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkun 19.464 þús.kr.
 - Tillaga að launaleiðréttingu á launasamsetningu sambærilegra starfa milli skólastiga samtals hækkun 36,7 millj.kr.

- **Málaflokkur 06 – Æskulýðs- og íþróttamál**
 - Leiðrétting á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkun 2.303 þús.kr.

- **Málaflokkur 09 – Skipulags- og byggingarmál**
 - Leiðrétting á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkun 323 þús.kr.

- **Málaflokkur 21 – Sameiginlegur kostnaður**
 - Leiðrétting á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkun 679 þús.kr.

- **Málaflokkur 28 - Fjármagnsliðir**
 - Um er að ræða breytingu á viðskiptastöðu aðalsjóðs við aðra sjóði sveitarfélagsins sem er vaxtareiknuð og einnig vegna breytinga á fjármagnsliðum vegna langtímalána þar sem verðbólguþá lækkar úr 3,5% í 3,3% frá fyrri umræðu skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem kom út 30. nóvember.

- **Málaflokkur 31 - Eignasjóður**
 - Um er að ræða breytingu á viðskiptastöðu við Aðalsjóð sem er vaxtareiknuð og einnig breytingu á fjármagnsliðum vegna langtímalána þar sem verðbólguþá lækkar úr 3,5% í 3,3% frá fyrri umræðu skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

- **Málaflokkur 33 - Þjónustumiðstöð**
 - Leiðrétting á launatengdum gjöldum (viðbótarlífeyrissparnaði) til samræmis við þróun undanfarinna ára, samtals lækkan um 284 þús.kr. Einnig er lítilsháttar breyting vegna viðskiptastöðu við Aðalsjóð sem er vaxtareiknuð.

- **Málaflokkur 71 – Fasteignafélag Árborgar slf.**
 - Um er að ræða breytingu á viðskiptastöðu við Aðalsjóð sem er vaxtareiknuð og einnig breytinga á fjármagnsliðum vegna langtímalána þar sem verðbólguþá lækkar úr 3,5% í 3,3% frá fyrri umræðu skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

- **Málaflokkur 89 – Verktækni ehf.**
 - Um er að ræða breytingar á viðskiptastöðu við aðalsjóð sem er vaxtareiknuð.

- **Málaflokkur 51 – Byggingarsjóður aldraðra**
 - Um er að ræða breytingar á viðskiptastöðu við aðalsjóð sem er vaxtareiknuð

- **Málaflokkur 67 – Fráveita**
 - Um er að ræða breytingar á viðskiptastöðu við Aðalsjóð sem er vaxtareiknuð.

- **Málaflokkur 77 – Selfossveitur**
 - Um er að ræða breytingu á fjármagnsliðum vegna langtímalána þar sem verðbólguþá lækkar úr 3,5% í 3,3% frá fyrri umræðu skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

- **Málaflokkur 83 – Sandvíkursetur ehf.**

- Um er að ræða breytingar á viðskiptastöðu við aðalsjóð sem er vaxtareiknuð

Breytingar á fjárfestingaráætlun

- Fjárfestingar ársins 2022 eru óbreyttar milli umræðna.
- Fjárfestingar ársins 2023 lækka um 60 millj.kr.
 - Selfossveitur
 - Dreifikerfi, stofnlögn Langholt-Erlurimi-Tryggvagata
 - Lækkun 60 millj.kr. – er framkvæmt 2022.
- Fjárfestingar ársins 2024 eru óbreyttar milli umræðna.
- Fjárfestingar ársins 2025 eru óbreyttar milli umræðna.